

Mál nr. 367/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) vegna slyss á ökumanni eftir árekstur.****Gögn.**

131. Málskot, móttakið 7.8.2012, ásamt fylgigögnum.

132. Bréf X, dags. 24.8.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 21.12.2011 var bifreiðinni A ekið aftan á kyrrstæða bifreið, B, á Reykjanesbraut á móts við Bústaðaveg í Reykjavík. Við það kastaðist B aftan á aðra bifreið, D, sem M ók og mun einnig hafa verið kyrrstæð fyrir framan B.

Slysdaginn, 4.8.2010, leitaði M á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Í læknisvottorði frá slysa- og bráðadeildinni segir að haft hafi verið eftir M að A hafi verið ekið á 100 km hraða er henni var ekið aftan á B. Þá hafi hún greinst með einkenni tognunar í háls- og brjósthrygg. Í lokakafla læknisvottorðsins segir að flestir sem verði fyrir hálstögnun og tognun á brjósthrygg af þessu tagi nái sér að fullu innan 4-6 vikna en lítill hluti sjúklinga sé með einkenni til lengri tíma. M mun ekki hafa leitað að nýju á slysa- og bráðadeildina vegna þessara áverka. Í áverkavottorði bæklunarskurðlæknis, sem M leitaði til, segir m.a. að A hafi verið ekið á 90-100 km hraða beint á B og verið harður árekstur. M hafi toгнаð á hálsi og baki. Hún sé verst í hálsinum og niður axlir.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X vegna þess líkamstjóns sem hún kveðst hafa orðið fyrir í slysinu. X aflaði útreiknings á þyngdarhröðun ökutækjanna við áreksturinn. Samkvæmt útreikningnum var líklegasta gildi þyngdarhröðunar A í árekstrinum við B -2,28 g og B við sama árekstur 2,8 g. Í árekstrinum milli B og D var líklegasta gildi þyngdarhröðunar B -1,44 g og D 1,10 g. Samkvæmt útreikningnum mun hraði A, er hún rakst aftan á B, hafa verið 16,8 km á klst. Með vísan til þessa útreiknings hafnaði X bótaskyldu þar sem ósannað væri að sjúkdómseinkenni M mætti rekja til árekstursins.

Álit.

Læknisfræðileg gögn um það líkamstjón sem M hlaut við áreksturinn 21.12.2011 eru af skornum skammti. Engin matsgerð liggur fyrir um það hvort eða að hve miklu leyti M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umrætt sinn. Samkvæmt málsgögnum mun tiltölulega lítið tjón hafa orðið á bifreiðunum. Að öllu virtu og miðað við fyrirbyggjandi gögn verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að M hafi þá orðið fyrir líkamstjóni. Tjón hennar telst því ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 18. september 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.